

Forsætisráðuneytið  
Regína Sigurðardóttir,  
sérfræðingur  
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. mars 2019  
2019020015/42-8  
JGO/LÁ

### Efni: Vikurvinnsla við Búrfell

Í bréfi dagsett 7. febrúar 2019 óskar forsætisráðuneytið eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar og ástand svæðanna þar sem nú er vikurnám við Búrfell, á öröskuðu svæði austan Þjórsár rétt norðan við Tröllkonuhlaup vestan Landvegar, innan Þjóðlendnanna Búrfells- og Skeljafellslandsvæðis og Landmannaafréttar. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu stofnunarinnar til frekari vinnslu á öröskuðu svæði sunnan við núverandi vinnslusvæði við Búrfell.

Þekkt eru fimm súr gjóskulög sem mynduðust í sprengigosum í Heklu og finna má í jarðlögum víða um land. Fjögur gjóskulög eru frá sögulegum tíma (nefnd H5, H4, HSelsund og H3) og eitt frá sögulegum tíma H1104. Sprengigosið sem myndaði H3 gjóskuna er langstærst af þessum súru Heklugosum og er rúmmál gjóskunnar talin vera um 10-12 km<sup>3</sup>. Gjóskulagarannsóknir, þ.m.t. steinda- og efnagreiningar, gefa ýmsar upplýsingar um gerð kvikunnar, ásamt vísbendingum um innri gerð og þróun Heklu eldstöðvarinnar. H3 gjóskan myndaðist fyrir um 3000 árum og er allt að 5 m þykk á svæðinu við Búrfell. Þykk gjóskumyndunin þykir jarðfræðilega áhugaverð þar sem hægt er að rekja breytingar í kísilsýru (SiO<sub>2</sub>) frá neðri hluta gjóskulagsins (72% SiO<sub>2</sub>) til efri hluta þess (56% SiO<sub>2</sub>). Í H3 gjóskunni hafa fundist kolaðar viðarleifar og trjábolir allt að 20 cm í þvermál (Sigurður Þórarinnsson 1962. Náttúrufræðingurinn 32. árg., 3 tbl.). Súra Heklugjóskan frá 1104 var um 67% SiO<sub>2</sub> en kísilsýrumagn gosmyndana í öllum sögulegum eldgosum sem hafa orðið síðan þá, samtals 17 eldgos, eru í kringum 54-55% SiO<sub>2</sub>. Út frá þessu er undirstrikað hversu merkileg súra Heklugjóskan eða Hekluvikurinn er í sögu Heklu, sem er ein af frægustu og virkustu eldstöðvum landsins.

Árið 1998 tóku sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar að sér náttúrufarskönnun vegna mats á umhverfisáhrifum vikurnáms á námasvæði Jarðefnaiðnaðarins við Þjórsá (Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Haukur Jóhannesson



1998. Unnið fyrir Jarðefnainað hf, NÍ-98018 <http://utgafa.ni.is/skyrslur/1998/NI-98018.pdf>). Svæðið sem var kannað lá austan Þjórsár frá Búrfellshólmum og 4 km upp með árfarveginum. Eystri mörk svæðisins markaðist af Rangá og Rangárbotnum. Könnunin leiddi í ljós að lífríki á svæðinu reyndist vera frekar fábrotið fyrir utan gróðurvin í Rangárbotnum þar sem gróður og fuglalíf var fjölbreytt. Í niðurstöðum þessarar úttektar frá 1998 var lagt til að vinnslusvæðið væri takmarkað þannig að vesturbakki Rangár og gróðurlendin meðfram honum héldist óskert. Mikilvægt þótti að ganga vel frá námasvæðum og bent var á að Fossabrekkur og svæðið næst þeim væri vinsæll ferðamannastaður sem ætti að varðveita.

Á þeim rúmum 20 árum sem liðin eru frá þessari könnun Náttúrufræðistofnunar hefur óraskað land, landslag og víðerni fengið meiri vægi í náttúruverndarlögum og meðal almennings. Auk þess hefur ferðamönnum fjölgað verulega sem sækja hálendi Íslands. Í nýlegri úttekt á viðhorfi ferðamanna til vindmylla á þessu svæði kemur fram að einn af áningarstöðum ferðamanna er Tröllkonuhlaup og Fossabrekkur. Þá kemur einnig fram að 84% ferðamanna telja að „ósnortin víðerni“ séu hluti af aðráttarafli svæðisins og 72% koma á svæðið til að upplifa víðerni (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson og Rannveig Ólafsdóttir. Rannsóknir í félagsvísindum. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2015).

Vikurnám við Búrfell hefur verið mikið á síðustu áratugum, sérstaklega þar sem lögin eru þykkust og er námuvinnslan yfirleitt í H3 gjóskumyndunin. Hekluvikurinn er ekki óþrjótandi auðlind og nú er svo komið að taka þarf ákvörðun um hvaða svæði er nauðsynlegt að vernda til þess að hægt sé að varðveita þessi mikilvægu súru gjóskulög Heklu sem útfrá vísindalegum rannsóknum endurspeglar jarðsögu og þróun eldstöðvarinnar á forsögulegum tíma og í upphafi byggðar í landinu.

Útfrá ofangreindu er það mat Náttúrufræðistofnunar að ekki á að leyfa frekara vikurnám austan við Þjórsá. Landvegurinn er fjöl farin leið ferðamanna inn á hálendið og áningarstaðir ferðamanna eru við Tröllkonuhlaup og Fossabrekkur. Vikurnám austan við Þjórsá yrði alltaf sýnilegt, það myndi skerða upplifun ferðamannsins og aukin hætta er á að sandfok vegna námuvinnslu geti stefnt gróðurvininni í Fossabrekkum í hættu. Á þessu svæði væri aftur á móti hægt að vernda Hekluvikurinn og sögu hans.

Afstaða Náttúrufræðistofnunar um frekari vinnslu á óröskuðu svæði sunnan við núverandi vinnslusvæði við Búrfell þarfnast frekari skoðunar. Norðurhluti hólmanum milli Bjarnarlækjar og Þjórsár er í dag mikið raskaður vegna umfangsmikils vikurnáms síðustu áratugi. Bent hefur verið á möguleika að nýta betur vikurinn í núverandi námu og einnig hefur verið bent á að vikurlögin þynnast út til suðurs á þessu svæði (Bryndís Róbertsdóttir munnl. uppl.). Í dag eru skildir eftir bakkar austan við núverandi námuvinnslusvæði til að draga úr sýnileika frá Landveginum, en ekki er ljóst hvort hægt sé að fela frekari námuvinnslu með bökkum eftir því sem hún færir sunnar ef þykkt gjóskulagsins minnkar umtalsvert. Ef leyfa á frekari námuvinnslu á hólmanum vestan Þjórsár er nauðsynlegt að skoða aðstæður á vettvangi, mæla þykkt gjóskulagsins til suðurs, ákvarða fjarlægð hugsanlegs vikurnáms frá vesturbökkum Þjórsár og meta sjónræn áhrif þess t.d. frá Tröllkonuhlaupi, Landvegi og við vegamót Landmannaleiðar.



Með kveðju



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Lovísa Ásmundsdóttir  
jarðfræðingur

